

Reykjavík 12.03.2021

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. mars 2021 varðandi eftirfarandi mál.

Endurskoðaðar reglur um bílastæðakort íbúa í Reykjavík

Lögð fram tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 5. mars 2021, um uppfærðar reglur um bílastæðakort íbúa í Reykjavík. Einnig eru lögð fram drög að endurskoðuðum reglum um bílastæðakort íbúa í Reykjavík og minnisblað Eflu, samantekt um útfærslu íbúakorta erlendis, dags. 6. mars 2019.

Samþykkt.

Visað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Með þessari endurskoðun er lögð til talsverð einföldun á reglunum um íbúakort. Tengsl íbúakorta og bílastæðagjalds húsbyggjenda eru rofin og miðað er við að sækja megí um eitt íbúakort fyrir hverja íbúð sem ekki fylgir bílastæði að uppfylltum öðrum skilyrðum. Þá taka reglurnar mið af því að fjölbreyttari eignarformum og umráðum yfir ökutækjum. Ljóst er að þeim aðilum sem hafi rétt á íbúakortum mun fjölga. Það er okkar það okkar skoðun að rétt sé að hækka gjald íbúakorta og bjóða upp á fjölbreyttari greiðslumöguleika til að stýra aðgengi að þessum takmörkuðu gæðum enn betur.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Breyttar reglur um bílastæðakort innihalda engar ívilnanir fyrir rafmagnsbíla og gildir sama gjald fyrir alla óháð eldsneytisnotkunar. Þetta er þvert á þá stefnu stjórnvalda á Íslandi að stuðla að orkuskiptum í samgöngum, en engin þjóð er í betri færð en Íslendingar að nýta sér hreina raforku í samgöngum. Rétt væri að hafa lægra gjald fyrir rafbíla líkt og gert er í Noregi og í Danmörku.

Aðheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að breyta reglum um bílastæðakort í miðbænum. Róttin að þessu vandamáli eru gjörðir meirihlutans að fækka bílastæðum á svæðinu. Horfir sú fækkun til mikilla vandræða fyrir íbúa í miðbænum sem eiga rétt á a.m.k. einu bílastæði með hverri íbúð gegn vægu gjaldi. Þetta er mjög ósanngjörnt þróun og má lýsa yfir fullkomnum forsendubresti að hálfu borgarinnar gagnvart íbúum. Yfirsvífandi í þessarri tillögu er



mikil gjaldskrárhækkun bílastæðakorta. Er það klárt brot á stöðuleikasáttmálanum um að hið opinbera hækki ekki gjaldskrár sínar. Að mati meirihlutans virðast gilda aðrar reglur og önnur lög um íbúa miðborgarinnar, en í öðrum hverfum borgarinnar. Sífelld er verið að þrengja að miðborginni með valdbeitingu sem á sér rót í andúð á fjölskyldubílum. Það á m.ö.ö að verðleggja búsetu venjulegs fólks úr miðbænum og einungis gefa þeim efnameiri kost á að búa þar. Þetta er einn liður í því.

Aðheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða að íbúar (í miðbænum) fái aðgang að bílastæðum gegn gjaldi, sem getur verið mishátt, og á sérvöldum svæðum í stað þess að íbúar eigi sérbílastæði. Skorið er á milli íbúðar og bílastæðis. Þetta kann að falla í miðsgóðan farveg þar sem fólk hefur öllu jafna geta lagt bíl sínum fyrir utan heimili sitt án gjalds. Miðbærinn er orðið svæði sem er dýrt að búa á og stefnir í að það verði hverfi fyrir efnameira fólks í framtíðinni. Útgjöld munu sannarlega aukast og dýrt verður einnig að koma sem gestur. Í raun stefnir sennilega í það að þeir sem ætla að búa miðbænum muni einfaldlega þurfa að hugsa sig tvisvar um hvort þeir geti leyft sér að eiga bíl og gestir verða helst bara að koma hjólandi. Þeir sem eru almennt sáttnir við þessa þróun finnst þetta líklega til bóta frekar en að hvergi verði hægt að finna bíl sínum stað í miðbænum. Þessum kann að finnast það eðlilegt að erfiðara sé að vera með bíl í miðbænum en í úthverfum. Fyrir fjölskyldur er ekki ósennilegt að þetta hafi mikinn fælingarmátt að kaupa fasteign eða leiga á þessu svæði og mun fólk kannski í æ meira mæli berjast um hverja einustu eign í úthverfum.

Þess er vinsamlegast óskað að borgarráð sjái um birtingu í Stjórnartíðindum.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjöl: tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 5. mars 2021, drög að endurskoðuðum reglum um bílastæðakort íbúa í Reykjavík og minnisblað Eflu, samantekt um útfærslu íbúakorta erlendis, dags. 6. mars 2019.



Skipulags- og samgönguráð
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík

Endurskoðaðar reglur um bílastæðakort íbúa í Reykjavík.

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki meðfylgjandi uppfærðar reglur um bílastæðakort íbúa í Reykjavík. Tillögurnar hafa verið bornar undir og samþykktar af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, í samræmi við ákvæði umferðarlaga.

Vinna við endurskoðun reglanna hófst í kjölfar skipunar starfshóps um endurskoðun tengsla íbúakorta við bílastæðagjald húsbyggjenda. Í framhaldinu vann skrifstofan drög að breyttum reglum í samstarfi við Bílastæðasjóð Reykjavíkur og aðrar skrifstofur innan umhverfis- og skipulagssviðs. Við gerð draganna var sérstakt tillit tekið til ábendinga sem skrifstofunni og Bílastæðasjóði hafa borist frá íbúum og íbúasamtökum í gegnum tíðina.

Sú tillaga sem lögð er fram felur í sér talsverðar breytingar á gildandi reglum, bæði hvað varðar form og efni reglanna. Þær breytingar sem helst ber að nefna eru eftirfarandi:

- Tengsl íbúakorta og greiðslu bílastæðagjalds húsbyggjenda eru rofin.
- Miðað er við að sækja megi um eitt íbúakort fyrir hverja íbúð sem ekki fylgir bílastæði, að uppfylltum öðrum skilyrðum.
- Slakað er á kröfum um tengsl umsækjanda við eiganda íbúðar.
- Slakað er á kröfum um skuldleysi við Bílastæðasjóð Reykjavíkur, þannig að umsókn verði einungis hafnað ef skuld umsækjanda er komin til milliinnheimtu eða löginheimtu.
- Umsækjanda er heimilað að sýna fram á tengsl sín við ökutæki með öðrum hætti en skráningu í ökutækjaskrá, t.a.m. með framvísun undirritaðs samnings um umráð yfir ökutæki.
- Stærðarmörk ökutækja eru afnumin og þess í stað miðað við ökutæki sem heimilt er að leggja á götum og almenningsbifreiðastæðum samkvæmt umferðarlögum og lögreglusamþykkt.



- Heimilað er að fá útgefið fleiri en eitt íbúakort á sama ökutæki ef fleiri en einn umsækjandi tilgreinir sama ökutæki. Breytingunni er ætlað að koma til móts við íbúa sem kjósa að samnýta ökutæki en búa ekki á sama íbúakortasvæði.
- Tekið er fram að gildissvæði íbúakorta skuli ákveðin sérstaklega af skipulags- og samgönguráði og auglýst með opinberum hætti.
- Ákvæði um að óheimilt sé að endurgreiða íbúakort er fjarlæggt.
- Íbúakort eru eingöngu gefin út með rafrænum hætti.
- Kveðið er nánar á um ógildingarástæður og viðurlög við misnotkun íbúakorts.

Drög að reglunum voru send íbúaráði Miðborgar og Hlíða, íbúaráði Laugardals og íbúaráði Vesturbæjar til umsagnar. Umsagnir bárust frá íbúaráði Miðborgar og Hlíða og Íbúasamtökum Miðborgar Reykjavíkur. Tekið hefur verið tillit til umsagnanna eftir föngum og þá sérstaklega með því að heimila endurgreiðslu íbúakorta sem ekki eru nýtt allan gildistímann.

Þar sem að breytingarnar fela í sér talsverða fjölgun á íbúum sem uppfylla skilyrði fyrir útgáfu íbúakorts og bílastæði í borgarlandi eru takmörkuð auðlind, telur skrifstofan æskilegt að gjald fyrir íbúakort verði hækkað til að það endurspegli betur raunverulegt verðmæti kortanna.

Meðfylgjandi er til upplýsingar minnisblað Eflu, dags. 6. mars 2019, með samantekt um útfærslu íbúakorta erlendis.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Drög að reglum um bílastæðakort íbúa í Reykjavík.
2. Minnisblað Eflu, samantekt um útfærslu íbúakorta erlendis, dags. 6. mars 2019.



REGLUR

UM BÍLASTÆÐAKORT ÍBÚA Í REYKJAVÍK

1. gr.

Íbúakort

Bílastæðasjóður Reykjavíkur gefur út bílastæðakort, hér eftir nefnd íbúakort, til íbúa sem búa á íbúakortasvæðum innan Reykjavíkur, í samræmi við nánari skilyrði sem hér greinir.

Íbúakort veitir heimild til að leggja bifreið án endurgjalds í gjaldskylda stöðureiti innan gildissvæðis íbúakorts, með þeim takmörkunum sem greinir í 5. gr.

2. gr.

Íbúð

Aðeins er heimilt að gefa út íbúakort til íbúa í íbúð sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- Íbúð skal staðsett innan gildissvæðis íbúakorts samkvæmt 5. gr.
- Íbúð má ekki vera skilgreind námsmannaíbúð, hjúkrunarheimili eða dvalarheimili.
- Íbúð má ekki fylgja réttur til notkunar á bílastæði innan lóðar, hvort heldur til einkanota eða í sameign, samkvæmt deiliskipulagi, lóðarleigusamningi, mæliblaði eða lóðaupprætti.

Íbúð telst ekki fylgja réttur til notkunar á bílastæði ef í staðfestri eignaskiptayfirlýsingu er kveðið á um að íbúðinni fylgi ekki réttur til notkunar á bílastæði. Þar sem ekki liggur fyrir eignaskiptayfirlýsing og íbúðir eru fleiri en bílastæði innan lóðar, nægir yfirlýsing um afnotaskipti, þar sem taldar eru upp þær íbúðir sem hafa afnotarétt af stæðum í sameign innan lóðar.

Einungis er heimilt að gefa út eitt íbúakort fyrir hverja íbúð sem uppfyllir ofangreind skilyrði.

3. gr.

Umsækjandi

Aðeins er heimilt að gefa út íbúakort til umsækjanda sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

- Umsækjandi skal vera einstaklingur með skráð lögheimili í íbúð sem uppfyllir skilyrði 2. gr.
- Umsækjandi skal vera eigandi íbúðarinnar eða hafa skriflega heimild frá eiganda hennar til að sækja um íbúakort.
- Umsækjandi skal vera skráður eigandi eða umráðamaður bifreiðar samkvæmt 4. gr. eða geta með öðrum hætti sýnt fram á raunveruleg afnot sín af bifreiðinni, til að mynda á grundvelli leigusamnings.

- d. Umsækjandi skal ekki standa í skuld við Bílastæðasjóð Reykjavíkur sem komin er til milliinnheimtu eða löginheimtu.

Einungis er heimilt að gefa út eitt íbúakort til hvers umsækjanda og gildir það óháð fjölda íbúða sem eru í eigu sama umsækjanda.

4. gr.

Ökutæki

Aðeins er heimilt að gefa út íbúakort fyrir ökutæki sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

- a. Ökutæki skal bera gild íslensk skráningarmerki.
- b. Ökutæki skal vera heimilt að leggja á götum og almenningsbifreiðastæðum samkvæmt ákvæðum umferðarlaga og lögreglusamþykktar.

Heimilt er að gefa út fleiri en eitt íbúakort fyrir sama ökutæki, að uppfylltum öðrum skilyrðum reglna þessara.

5. gr.

Gildissvæði

Hvert íbúakort gildir innan skilgreinds íbúakortasvæðis. Svæðin skulu ákveðin af skipulags- og samgönguráði og auglýst með opinberum hætti.

Íbúakort veitir þó ekki heimild til að leggja gjaldfrjálst í stöðureiti á svæðum með gjaldskyldu P4. Kortin veita heldur ekki heimild til að leggja gjaldfrjálst á eftirtöldum götum og svæðum:

- a. Laugavegi.
- b. Skólavörðustíg milli Laugavegs og Bergstaðastrætis.
- c. Bergstaðastræti milli Laugavegs og Skólavörðustígs.
- d. Bílaplani við Bergstaðastræti 6.
- e. Kvosinni, þ.e. Lækjargötu, Kirkjutorgi, Pósthússtræti, Austurstræti, Hafnarstræti, Veltusundi, Kirkjustræti, Aðalstræti, Tryggvagötu og Naustunum.

Bílastæðasjóður Reykjavíkur skal á vefsíðu sinni birta yfirlitsmynd yfir gildissvæði íbúakorta.

6. gr.

Umsókn um íbúakort

Sækja skal um íbúakort með rafrænum hætti á vefsíðu Bílastæðasjóðs Reykjavíkur. Í umsókn um íbúakort skal að lágmarki tilgreina eftirfarandi atriði:

- a. Kennitölu umsækjanda.
- b. Skráningarnúmer ökutækis.
- c. Fasteignanúmer, ef umsækjandi á lögheimili í fjöleignarhúsi.

Ef umsækjandi er ekki eigandi íbúðar samkvæmt 2. gr., skal undirritað samþykki eiganda íbúðarinnar fylgja með umsókn. Bílastæðasjóður Reykjavíkur skal á vefsíðu sinni gera aðgengilegt eyðublað um samþykki íbúðareiganda.

Ef umsækjandi er ekki skráður eigandi eða umráðamaður bifreiðar samkvæmt 3. gr., skal önnur staðfesting á afnotum af bifreiðinni fylgja umsókn, til að mynda samningur um leigu á bifreiðinni.

Bílastæðasjóður Reykjavíkur skal afla annarra nauðsynlegra upplýsinga frá umsækjanda og úr opinberum skráum, svo sem Þjóðskrá, Fasteignaskrá og Ökutækjaskrá, eftir því sem við á og í samræmi við gildandi lög.

Úthluta skal umsækjanda korti fyrir það gildissvæði sem lögheimili hans er innan. Ef umsækjandi á lögheimili á mörkum tveggja gildissvæða er honum heimilt að velja á hvoru svæðanna íbúakortið gildir.

Bílastæðasjóður Reykjavíkur skal birta leiðbeiningar um umsókn og helstu upplýsingar um íbúakort á vefsíðu sinni.

7. gr.

Gildistími og notkun

Íbúakort skulu gefin út með rafrænum hætti til eins árs í senn en þó aldrei til lengri tíma en heimild frá eiganda íbúðar eða samningur um umráð ökutækis bera með sér.

Íbúakort verður óvirkt þegar skilyrði fyrir útgáfu þess eru ekki lengur uppfyllt. Handhafa íbúakorts ber að tilkynna Bílastæðasjóði Reykjavíkur, ef skilyrði fyrir útgáfu íbúakortsins eru ekki lengur uppfyllt vegna breyttra aðstæðna korthafa, svo sem vegna flutnings á lögheimili, sölu ökutækis eða annarra sambærilegra atvika.

8. gr.

Gjaldtaka

Fyrir útgáfu, breytingar og endurnýjun á íbúakorti skal greiða gjald samkvæmt auglýstri gjaldskrá. Gjaldið skal greitt þegar umsókn hefur verið samþykkt. Íbúakort er ekki virkjað fyrir en Bílastæðasjóður Reykjavíkur hefur móttengið greiðsluna.

9. gr.

Ógilding

Bílastæðasjóður Reykjavíkur getur ógilt íbúakort ef handhafi verður uppvís um misnotkun kortsins. Handhafi korts sem hefur verið ógilt vegna misnotkunar á kortinu, getur ekki fengið útgefið nýtt kort í tvö ár frá ógildingu útgefins korts.

Bílastæðasjóður Reykjavíkur getur einnig ógilt íbúakort ef sjóðnum verður kunnugt um að skilyrði fyrir veitingu íbúakorts eru ekki lengur uppfyllt, án þess að handhafi kortsins hafi tilkynnt sjóðnum um það í samræmi við 7. gr.

Bílastæðasjóður Reykjavíkur skal tilkynna handhafa íbúakorts um ógildingu korts samkvæmt ofangreindu.

10. gr.

Gildistaka og lagastof

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, taka gildi við birtingu í Stjórnartíðindum og á sama tíma falla úr gildi eldri reglur um bílastæðakort íbúa í Reykjavík nr. 591/2015.

**Samþykkt á fundi skipulags- og samgönguráðs þann XX. mars 2021
og á fundi borgarráðs þann XX. mars 2021.**

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

2200-880-MIN-002-V01

VERKHEITI

Stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum

DAGS.

06.03.2019

VERKKAUPI

Reykjavíkurborg

SENDANDI

Daði Baldur Ottósson

DREIFING

Lilja Sigurbjörg Harðardóttir

MÁLEFNI

Samantekt á útfærslu íbúakorta erlendis

Inngangur

EFLA var fengin til þess að skoða útfærslu íbúakorta fyrir bílastæði á borgarlandi (hér eftir nefnt íbúakortasvæði) í borgum erlendis, sem er liður stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum Reykjavíkurborgar. Skoðaðar voru borgir í N-Ameríku og á norðurlöndunum.

Í þessu minnisblaði voru hafðar eftirfarandi spurningar að leiðarljósi:

- Hverjir geta fengið íbúakort innan íbúakorta svæða, og eru takmörk á fjölda þeirra?
- Hversu mikið þurfa íbúar að borga fyrir íbúakort?

Umfjöllun nær ekki til upplýsinga er varðar hvernig íbúakortasvæði eru stofnuð eða útvíkkuð í borgum erlendis.

Af hverju eru íbúakort til?

Bílastæðakort íbúa fyrir bílastæða á borgarlandi (hér eftir nefnt íbúakort) er tól sem fjölmörg sveitarfélög um heim allan nota til þess að veita íbúum rétt (eða forgang) til þess að nýta bílastæði á borgarlandi innan þeirra hverfis. Í sumum tilfellum er jafnvel einungis íbúakortahöfum leyft að leggja bílum á borgarlandi innan tilgreindra gatna/svæða, en slík útfærsla er algeng í Norður-Ameríku. Helsta ástæða þess að íbúakortasvæði eru stofnuð í íbúahverfum er vegna mikillar eftirspurnar eftir bílastæðum frá utanaðkomandi aðilum eins og starfsmönnum/viðskiptavinum stofnanna, fyrirtækja og verslanna, sem torveldar íbúum að finna bílastæði nærri heimili sínu. Íbúakortasvæði má því yfirleitt finna í eða við miðbæi sveitarfélaga, en einnig utan þeirra nærri stærri vinnustöðum s.s spítölum eða háskólasvæðum.

Íbúakort hefur þó ákveðna vankosti. Nokkrir af þeim þeim vankostum sem íbúakort hafa eru:


- Jafnræðisregla er ekki virt þar sem ekki allir íbúar hafa sama tækifæri til að nýta sér borgarland. íbúakortin veita því ákveðin forréttindi til þeirra sem þar búa.
- Getur stuðlað að lélegri nýtingu bílastæða í bílastæðahúsum eða innan einkalóða, sérstaklega er verð íbúakorta er lágt.

- Umsýsla íbúakorta getur verið flókin.
- Oft ekki nægjanlega gott tól til að leysa bílastæðavandamál þ.e. sem snýr að umfram eftirspurn eftir bílastæðum.

Fyrirkomulag íbúakorta í Reykjavík í dag

Hér fyrir neðan má finna stutta samantekt um íbúakort Reykjavíkur, eins og birt er á vefsíðu Bílastæðasjóðs.

- Íbúar með lögheimili á ákveðnum svæðum í Reykjavík, þar sem ekki er bílastæði á lóð, geta sótt um að fá keypt bílastæðakort íbúa (hér eftir nefnt íbúakort) hjá Bílastæðasjóði Reykjavíkur.
- Íbúakort veitir heimild til að leggja bifreið án endurgjalds í gjaldskyld bílastæði innan þess svæðis sem íbúakortið tekur til. Íbúar á gjaldsvæðum geta fengið íbúakort sem gildir á því svæði sem liggur næst þeirra lögheimili.
- Óheimilt er að gefa út fleiri íbúakort til íbúa viðkomandi lóða en vegna þeirra stæða sem greitt hefur verið fyrir með bílastæðagjaldi.
- Óheimilt er að gefa út íbúakort til íbúa þar sem:
 - Ekki hefur verið gerð krafa um bílastæði á lóð nýbyggingar í gildandi deiliskipulagi.
 - Stæði á lóð eru í sameign allra nema fyrir liggi eignaskiptayfirlýsing eða afnotaskipting stæða undirrituð af öllum eigendum lóðarinnar.



MYND 1 Yfirlit yfir bílastæða gjaldsvæði Reykjavíkur. Íbúakortasvæði eru á gjaldsvæðum 1, 2 og 3. Íbúakortið gildir ekki á öllum götum innan íbúakortasvæðis 1.

Hver getur fengið íbúakort innan íbúakortasvæðis?

Misjafnt er hversu mörg íbúakort eru gefin út í borgum erlendis. Eins er mismunandi hvort þau eru gefin út á einstakling (íbúa) sem skráður er fyrir ökutæki eða á heimili, sjá töflu 1 hér að neðan. Flestar borgir takmarka ekki hversu mörg íbúakort eru gefin út innan íbúakortasvæða að Ottawa og Toronto undanskildum, en í þeim borgum eru biðlistar eftir íbúakortum ólíkt öðrum sveitarfélögum sem voru til skoðunar í þessu minnisblaði.

TAFLA 1 Yfirlit yfir fjölda íbúakorta sem gefin eru út á íbúa eða heimili. Í sumum tilfellum eru sett takmörk á fjölda korta sem gefin eru út á ákveðnu svæði eða götu.

BORG	KVAÐIR Á FJÖLDA ÍBÚAKORTA	TAKMÖRK Á FJÖLDA ÚTGEFINNA ÍBÚAKORTA
Reykjavík	1 á heimili ¹	Nei
Oslo	1 á íbúa ² . Aðrir íbúar á sama heimili geta einnig sótt um.	Nei
Drammen	3 á heimili ³	Nei
Prándheimur	3 á heimili	Já (per gata)
Kaupmannahöfn	1 á íbúa ⁴	Nei
Stokkhólmur	1 á íbúa. Aðrir íbúar á sama heimili geta einnig sótt um.	Nei
Gautaborg	1 á íbúa. Aðrir íbúar á sama heimili geta einnig sótt um ⁵	Nei
Vancouver	2 á heimili (innan 10 íbúakorta svæða), engin takmörk á öðrum íbúakortasvæðum	Nei
Calgary	1 á heimili (innan 2 íbúakortasvæða), engin takmörk á öðrum íbúakortasvæðum	Nei
Ottawa	Engin takmörk	Já, innan svæðis
Portland	Engin takmörk fyrir utan eitt svæði þar sem dregið er frá fjölda stæða innan lóðar	Nei
San Francisco	4 á heimili	Nei
Seattle	4 á heimili	Nei
Sydney	1-2 á heimili ⁶	Nei
Toronto	Engin takmörk	Já, innan svæðis
Washington DC	Engin takmörk	Nei

¹ Sjá umfjöllun um takmarkanir í kaflanum fyrir ofan.

² Eigendur rafbíla, vetnisbíla og fólk með hreyfihömlun þurfa ekki að kaupa kort og fá þar með að leggja gjaldfrjálst.

³ Fólk með hreyfihömlun þarf ekki að kaupa kort

⁴ Þó hægt að kaupa fleiri kort ef einstaklingur á (og er skráður) fyrir fleiri ökutækjum.

⁵ Ekki öll hús/götu innan íbúakortasvæðis geta fengið íbúakort. Hægt er að fletta upp heimilisfangi til staðfestingar.

⁶ Fjöldi fer eftir staðsetningu, fjölda stæða á borgarlandi, og þörf.

Í töflu 2 á næstu síðu má sjá samanburð á því hvort gestir, verktakar, fyrirtæki eða heimahjúkrunarstofnanir geta keypt kort sem gildir innan íbúakortasvæða. Almennt séð bjóða einungis borgir upp á sérstakt kort fyrir gesti ef bílastæði eru frátekin fyrir íbúa. Sömu borgir bjóða þá oftast en ekki einnig upp á önnur sambærileg kort fyrir aðra aðila s.s. verktaka. Þar sem boðið er upp á kort fyrir verktaka eða fyrirtæki, þá er það yfirleitt einungis fyrir sérmerkt ökutæki t.d. þjónustu- eða vörubíla.

Í öðrum borgum, líkt og í Reykjavík, þá þurfa gestir og aðrir sem leggja leið sína í íbúakortasvæði að greiða gjald skv. gjaldskyldu, eða virða tímatakmarkanir.

TAFLA 2 Samanburður á hvort sveitarfélög bjóði upp á sérstök kort fyrir bílastæði innan íbúakortasvæði fyrri gesti íbúa, verktaka, fyrirtækja eða hjúkrunarstofnanir.

BORG	GESTIR	VERKTAKAR	FYRIRTÆKI	HJÚKRUN
Reykjavík	Nei	Nei	Nei	Nei
Oslo	Nei	Nei	Já	Nei
Drammen	Já	Já	Nei	Já
Þrándheimur	Já	Já	Já	Já
Kaupmannahöfn	Nei	Nei	Já	Nei
Stokkhólmur	Nei,	Nei	Nei	Nei
Gautaborg	Nei	Nei	Nei	Nei
Vancouver	Já, aðeins gestir sem búa út á landi	Já	Já	Já
Calgary	Já	Já	Já	Já
Ottawa	Já, ef það eru laus stæði	Já, ef stæði laus	Nei	Já
Portland	Já	Nei	Nei	Nei
San Francisco	Já	Já	Já	Já
Seattle	Já	Já	Já	Nei
Sydney	Já	Nei	Nei	Já
Toronto	Já, ef það eru laus stæði	Já, ef stæði laus	Já, ef stæði laus	Nei
Washington DC	Já	Já	Já	Já

Hversu mikið þurfa íbúar að borga fyrir íbúakort?

Verð íbúakorta er mjög misjafnt eftir sveitarfélögum. Verð íbúakorta er nokkuð lágt í Reykjavík og borgum í N-Ameríku í samanburði við sveitarfélög á Norðurlöndunum. Almennt eru verð íbúakorta breytilegt eftir fjölda bíla sem heimili/íbúar hefa til umráða, eftir tegund bíla eða er breytilegt eftir íbúakortasvæðum. Þessa samantekt má sjá í töflu 3 á næstu síðu.

TAFLA 3 Yfirlit yfir ársverð bílastæðakorta og verðflokka.

BORG	VERÐ*	VERÐ EFTIR FJÖLDA BÍLA*			VERÐ EFTIR TEGUND BÍLA*			VERÐ EFTIR SVÆÐI*		GILDISTÍMI	ANNAÐ
		1. BÍLL	2.BÍLL	3.BÍLL	RAFMAGN	VISTVÆNN	DÍSEL/BENSÍN	MIN	MAX		
Reykjavík	8.000										
Oslo	42.000									1 ár, en per önn fyrir nemendur	Eigendur rafbílur, vetnisbílur og fólk með hreyfihömlun þarf ekki að kaupa kort.
Drammen		47.200	55.500	64.700						1 ár (hægt að sækja um styttra)	Rafbílur þurfa að skrá sig, en borga ekkert.
Þrándheimur		74.000	138.800	199.100						Mánuð í senn	
Kaupmannahöfn					200	15.200	29.000			1 ár	
Stokkhólmur								46.800	171.600	1 ár	
Gautaborg								32.000	106.100	1 ár	
Vancouver								6.700	32.800	1 ár	
Calgary								0	5.100	1 ár	
Ottawa	66.000									Eitt ár, eða mán. f. mán.	
Portland								7.400	8.600	6 mánuðir eða 1 ár	
San Francisco	13.500									6 mánuðir eða 1 ár	
Seattle								0	4.800		Tekjulágir fá afslátt
Sydney								2.200	21.500		Eldri borgarar fá afslátt
Toronto								17.500	61.500	6 mánuðir eða 1 ár	
Washington DC	4.300										Eldri borgarar fá afslátt

*Miðað við verð í ISK á ári og gengi í mars, og náðundað upp að næsta heila hundruði.

**FW: 2x umsagnir - Íbúakort****Bréf**

Málsnúmer: USK2021020020

Bréfalyklar: 5.6 Bifreiðastæði

Eigandi skjals: Guðmundur Birkir Guðmundsson

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 08.03.2021

Dagsetning skjals: 05.03.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Þorsteinn Rúnar Hermannsson"

<thorsteinnrh@reykjavik.is>

Skjalalykill Móttökudags.	5.6 Bifreiðastæði 05.03.2021	Málsnúmer Skráð í GoPro	USK2021020020 08.03.2021
------------------------------	---------------------------------	----------------------------	-----------------------------

Tegund skjals Efnisorð	Bréf	Fyrir Borgarráð
---------------------------	------	-----------------

Sent:**Sent til:**

Notandi: "Þorsteinn Rúnar Hermannsson" <thorsteinnrh@reykjavik.is>

Dagsetning: 5.3.2021 12:27:18

Til: "Guðmundur Birkir Guðmundsson" <Gudmundur.Birkir.Gudmundsson@reykjavik.is>

Efni: FW: 2x umsagnir - Íbúakort

Kveðja,
Þorsteinn R. Hermannsson

-----Original Message-----

From: Heimir Snær Guðmundsson

Sent: mánudagur, 1. mars 2021 10:13

To: Margrét M Norðdahl <Margret.M.Norddahl1@reykjavik.is>; Þorsteinn Rúnar Hermannsson <thorsteinnrh@reykjavik.is>

Subject: SV: 2x umsagnir - Íbúakort

Sæl

Takk fyrir þetta Margrét.

Sbr. það sem við höfum rætt áður, vek ég athygli á að skv. ábendingum frá skrifstofu borgarstjórnar þá skulu íbúaráð aðeins gefa eina umsögn í hverju máli, hverju sinni. Skv. pósti þínum þá er nokkuð ljóst hvor umsögnin yrði ofan á sem umsögn ráðsins, en umsögnin verður borin upp til atkvæða á næsta fundi ráðsins.

Með kveðju
Heimir Snær Guðmundsson

Starfsmaður íbúaráða
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar/ Reykjavík's office
of Human Rights and democracy Ráðhús Reykjavíkur/Reykjavík City Hall
Netfang/Email: Heimir.Snaer.Gudmundsson@reykjavik.is
Sími/Tel: +354 665 4855

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <https://reykjavik.is/trunadur>

-----Upphaflegt skeyti-----

Frá: Margrét M Norðdahl <Margret.M.Norddahl1@reykjavik.is>

Sent: föstudagur, 26. febrúar 2021 20:48
Til: Þorsteinn Rúnar Hermannsson <thorsteinnrh@reykjavik.is>
Afrit: Heimir Snær Guðmundsson <Heimir.Snaer.Gudmundsson@reykjavik.is>
Efni: SV: 2x umsagnir - Íbúakort

Afsakið hér er leiðrétt umsögn

Reykjavík 26. febrúar 2021

Umsögn fulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, íbúasamtaka, foreldrafélaga og slembivalins í Íbúaráði Miðborgar og Hlíða um endurskoðaðar reglur um bílastæðakort íbúa í Reykjavík. Berist til skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Fulltrúum Samfylkingar, Viðreisnar, íbúasamtaka, foreldrafélaga og slembivalins í Íbúaráði miðborgar og hlíða finnst mikil bót að endurskoðuðum reglum um bílastæðakort fyrir íbúa. Fulltrúar taka undir með umsögn íbúasamtökum miðborgar og óskar eftir að það sé rýnt sérstaklega að útgjöld aukist ekki á íbúa í miðborg, að flækjustig sé minnkað og þjónusta aukin. Val gæti verið um gildistíma frá styttri yfir í lengri tíma í þágu þarfa íbúa.

Reykjavík 25. Febrúar 2021

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks í íbúaráði Örn Þórðarson tekur undir umsögn íbúasamtaka miðborgar og sérstaklega þær ábendingar og áhyggjur sem þar eru settar fram.

Frá: Margrét M Norðdahl
Sent: föstudagur, 26. febrúar 2021 20:43:53
Til: Þorsteinn Rúnar Hermannsson
Afrit: Heimir Snær Guðmundsson
Efni: 2x umsagnir - Íbúakort

Reykjavík 26. febrúar 2021

Umsögn fulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, íbúasamtaka, foreldrafélaga og slembivalins í Íbúaráði Miðborgar og Hlíða um endurskoðaðar reglur um bílastæðakort íbúa í Reykjavík. Berist til skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Íbúaráð miðborgar og hlíða finnst mikil bót að endurskoðuðum reglum um bílastæðakort fyrir íbúa. Íbúaráðið tekur undir með umsögn íbúasamtökum miðborgar og óskar eftir að það sé rýnt sérstaklega að útgjöld aukist ekki á íbúa í miðborg, að flækjustig sé minnkað og þjónusta aukin. Val gæti verið um gildistíma frá styttri yfir í lengri tíma í þágu þarfa íbúa.

Reykjavík 25. Febrúar 2021

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks í íbúaráði Örn Þórðarson tekur undir umsögn íbúasamtaka miðborgar og sérstaklega þær ábendingar og áhyggjur sem þar eru settar fram.

From: benaegis@simnet.is <benaegis@simnet.is>

Sent: Wednesday, February 24, 2021 9:30:42 AM

To: thorsteinnrh@reykjavik.is <thorsteinnrh@reykjavik.is>

Cc: Þórdís Lóa Þórhallsdóttir <Thordis.Loa.Thorhallsdottir@reykjavik.is>; Margrét Norðdahl <Margret.M.Norddahl1@reykjavik.is>; Sigurborg Ósk Haraldsdóttir <Sigurborg.Osk.Haraldsdottir@reykjavik.is>

Subject: Reglur Bílastæðasjóðs

Athugasemdir stjórnar Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur (ÍMR) við breytingatillögur á reglum Bílastæðasjóðs:

Stjórn ÍMR fagnar því að verið er að gera tilraun til að bregðast við gagnrýni á reglur Bílastæðasjóðs þar á meðal gagnrýni okkar sem kom fram í bréfi ÍMR til formanns borgarráðs í september 2020 þó það valdi vonbrigðum að boð okkar um aðstoð við að breyta reglunum var ekki þegið og að við vorum ekki beðin um umsögn um breytingarnar. (sjá viðhengi)

Nýju reglurnar gera ráð fyrir því að fólk geti verið með bílaleigubíl eða bíl frá vinnuveitanda og er það vel. Einnig er gert ráð fyrir deilibílum sem tilheyra fleiri en einu svæði en þar er óskýrt hver kostnaður er við það. Varla getur talist réttlátt að greiða tvöfalt eða þrefalt verð fyrir slíkt íbúakort því bíllinn tekur alltaf sama plássið sama á hvaða svæði hann stendur.

Þá finnst okkur vanta rökstuðning á því hversvegna þarf að endurnýja kortin á hálfis árs fresti í staðinn fyrir árlega sérstaklega ekki ef fólk býr árum eða áratugum saman á sama stað. Fólk á heldur ekki að þurfa að sækja um á hverju ári ef ekkert hefur breyst varðand búsetu og bifreiðaeign heldur á að endurnýja íbúakortið sjálfkrafa þar til fólk segir kortinu upp, flytur eða fær sér nýjan bíl. Til að koma til móts við þá sem þurfa íbúakort fyrir bílaleigubíla mætti bjóða upp á kort sem gilda til skamms tíma eða þann tíma sem íbúinn þarf á bílnum að halda.

Við hræðumst það að þetta hringl með gildistíma verði nýtt til að hækka gjald fyrir íbúakort þannig að árlegur kostnaður vegna þeirra verði hærri en nú er. Og því mótmælum við harðlega - enda íbúar miðborgarinnar nánast einu íbúar borgarinnar sem búa við takmarkanir í þessum efnum og þurfa að greiða fyrir að leggja bílum sínum við heimili sín. Kostnaður við íbúakort á því ekki að vera hærri en sem svarar kostnaði við umsýslu við útgáfu kortanna og þau eiga ekki að vera tekjulind fyrir Bílastæðasjóð.

Meðfylgjand er bréf formanns ÍMR til formanns borgarráðs og samrit er sent til formanns borgarráðs, formanns íbúaráðs Miðborgar og Hlíða og formanns skipulags og samgönguráðs

Kær kveðja

F.h. Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur

Benóný Ægisson formaður

Tel: +354 897 8694

www.midbaerinn.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Reglur Bílastæðasjóðs

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir
Formaður Borgarráðs

Erindi: Reglur Bílastæðasjóðs

Stjórn Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur hafa borist kvartanir vegna reglna Bílastæðasjóðs um úthlutun Íbúakorta. Kvartað er yfir því að ekki sé hægt að fá íbúakort nema eiga bifreið og þeir sem eru með bílaleigubíla á langtímaleigu eða um stundarsakir td vegna vegna sérstakra aðstæðna eða viðgerða á eigin bifreið fái neitun við slíkum erindum. Þykir fólki þetta hálfgerð forneskja á tímum bíllauss lífsstíls og deilibíla.

Einnig væri ástæða til að skoða svæðaskiptingu íbúakortanna því mjög mismunandi er hve mikil ásókn er í svæðin. Og hvernig á t.d. að bregðast við ef deilibílar verða algengir en þeir aðilar sem deila bílnum búa á sitt hvoru svæðinu? Þurfa þeir mörg íbúakort fyrir sama bílinn?

Nú stendur til að fjölga göngugötum í miðborginni en enn hafa vandræði þeirra sem búa við þær vegna aðflutninga ekki verið leyst. Leyfilegt er að aka um göngugöturnar á morgnanna með vörur til fyrirtækja en sá tími hentar illa þeim íbúum sem eru í námi eða vinnu og þurfa að flytja vörur eða þunga hluti til eða frá hóbýlum sínum. Finna þarf lausn á þessum vanda því varla er sanngjarnt að sekta þessa íbúa.

Það er bráðnauðsynlegt að gera reglur Bílastæðasjóðs nútímalegri og sveigjanlegri og býður stjórn ÍMR fram aðstoð sína við það verkefni.

Samrit sent borgarfulltrúum

Benóný Ægisson formaður ÍMR

Sent í 1. september 2020